



F U N D A R G E R Ð

Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn 3. apríl 2019 kl. 11:40 á Hótel Hamri.

Mættir voru: Kristinn Jónasson, Sturla Böðvarsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Arnheiður Hjörleifsdóttir, Sævar Jónsson og Finnbogi Leifsson. Karitas Jónsdóttir boðaði forföll. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

1. Fundargerð síðasta fundar 1. mars 2019 Samþykkt.

2. Grænt bókhald 2018

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir grænu bókhaldi félagsins. Samþykkt og undirritað af stjórn

3. Matsáætlun

a. Staða verkefnis

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu verkefnisins.

b. Kynning matsáætlunar í Lyngbrekku

Framkvæmdastjóri greindi frá fundinum. Fundarmenn lögðu fram ályktun sem var lögð fram til stjórnarmanna. Ályktunin verður einnig kynnt á aðalfundi félagsins. Fundarmenn í Lyngbrekku ræddu um fok frá svæðinu. Rætt um átak í hreinsun í kringum urðunarsvæðið og stjórn sammála um að leggja metnað í umgengni á urðunarsvæðinu og í nágrenni hans.

4. Þríhliða samkomulag vegna sunnlendinga

a. Samningur lagður fram

Formaður stjórnar skýrði frá samningsferlinu en hann taldi hægt að ganga til samninga með Umhverfisstofnun þar sem kröfur UST voru ekki ásættanlegar. Formaður gerði grein fyrir því, að til hefði staðið að Umhverfisstofnun væri aðili að samningnum en það hefði ekki náðst vegna kröfu um að Sorpurðun samþykkti útflutningsskyldu á 2.500 tonnum ef nýtt rekstrarleyfi yrði ekki komið um áramót. Samkomulagið staðfest. Finnbogi sat hjá.

SG
AL
JAF

5. Önnur mál.

a. Fenúrfundur 6. maí á Hótel Hamri

Framkvæmdastjóri sagði frá efni ráðstefnunnar.


b. Girðing

Girðingarefni er væntanlegt til að girða í kringum það svæði sem urðað er í til að varna foki.

Arnheiður og Sturla þökkuðu samstarf innan stjórnar. Formmaður þakkaði þeim fyrir þeirra störf og óskaði þeim alls hins besta.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:30

Fundarritari: Hrefna B Jónsdóttir



A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Hrefna B Jónsdóttir". The signature is fluid and cursive, with "Hrefna" and "B" being more distinct at the top, followed by "Jónsdóttir" below it.